

Fundargerð – Ráðstefna Ungmennaráða sveitarfélaga

Dagsetning: 5. desember 2025

Staður: Hilton Reykjavík Nordica

Fulltrúar ungmennaráðsins:

Hrafna Jónsdóttir og Hanna Líf Kristgeirsdóttir.

1. Almennar upplýsingar

Ráðstefna Ungmennaráða sveitarfélaga var haldin á Hilton Reykjavík Nordica þann 5. desember 2025. Þar komu saman fulltrúar ungmennaráða sveitarfélaga víðs vegar af landinu til að ræða málefni sem snerta ungt fólk, lýðræði og þátttöku ungmenna í ákvarðanatöku. Markmið ráðstefnunnar var að efla rödd ungmenna í sveitarstjórnarstarfi, miðla reynslu, kynna góðar starfsvenjur og skapa vettvang fyrir nýjar hugmyndir og samstarf milli ungmennaráða.

2. Dagskrá ráðstefnunnar

- 09:30–10:30 Sveitarfélög, Sambandið og ungmennaráð
- 09:30–09:45 Opnunarávarp – Arnar Þór Sævarsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga
- 09:45–10:00 Sveitarfélög og Sambandið – Bryndís Gunnlaugsdóttir, lögfræðingur hjá Sambandinu
- 10:00–10:15 Fjármál sveitarfélaga – Saga Guðmundsdóttir, aðalhogfræðingur Sambandsins
- 10:15–10:30 Ungmennaráð sveitarfélaga – Ingimar Guðmundsson, sérfræðingur hjá Sambandinu
- 10:30–10:50 Kaffihlé
- 10:50–11:20 Kynningar á ungmennaráðum
- 10:50–11:00 Hafnarfjarðarbær – Verkefni Ungmennaráðs Hafnarfjarðar
- 11:00–11:10 Reykjanesbær – Barna- og ungmennapíng: „Verum örugg“
- 11:10–11:20 Hrunamannahreppur – Innleiðing á barnvænu samfélagi
- 11:20–12:20 Umræður og vinnusmiðjur – Bestu starfsvenjur og reynsla ungmennaráða
- 12:20–13:00 Hádegismatur
- 13:00–14:30 Umræður og vinnusmiðjur (framhald)
- 13:00–13:30 Bestu starfsvenjur og reynsla ungmennaráða
- 13:30–14:30 Sveitarstjórnakosningar og mikilvæg málefni
- 14:30–14:45 Uppbrot
- 14:45–15:00 Kaffihlé
- 15:00–15:30 Tækifæri og verkefni
- 15:00–15:15 Styrkir og tækifæri fyrir ungmennaráð – Sérfræðingur frá Rannís
- 15:15–15:30 Barnvæn sveitarfélög – Sérfræðingur frá UNICEF
- 15:30–16:00 Framtíðin
- 15:30–15:45 Ígrundun og næstu skref – Ingimar Guðmundsson

- 15:45–16:00 Ráðstefnuslit

3. Þátttaka og niðurstöður

Fulltrúar ungmennaráðsins kynntust ungmennum frá fjölmörgum sveitarfélögum, tóku virkan þátt í umræðum og vinnusmiðjum og lögðu sitt af mörkum í samtali um lýðræði, þátttöku ungmenna og framtíð ungmennaráða. Ráðstefnan veitti dýrmæta innsýn í fjölbreytt verkefni og starfsvenjur ungmennaráða víðs vegar um landið.

Ritari:

Halldóra Kristín Unnarsdóttir